

Stefna Norðurorku um samfélagslega ábyrgð

Stefna Norðurorku um samfélagslega ábyrgð byggir á þremur megin þáttum, félagslegri ábyrgð, umhverfislegri ábyrgð auk rekstrarlegrar og stjórnunarlegrar ábyrgðar.

Samfélagsleg ábyrgð Norðurorku er að ganga vel um auðlindir og umhverfi og að starfsemi fyrirtækisins hafi jákvæð áhrif á samfélagið með því að:

- viðhafa góða stjórnunarhætti samanber starfskjarastefnu stjórnar og siðareglur Norðurorku
- vera til fyrirmyndar í umhverfismálum
- vera virkur þátttakandi í að skapa betra samfélag
- vinna eftir ábyrgri mannauðsstefnu sem stuðlar að öryggi, jafnrétti og velferð starfsmanna
- stuðla að og styðja nýsköpunarstarf meðal annars með miðlun þekkingar og reynslu

Kynnt á starfsmannafundi 20. desember 2012

Samþykkt á stjórnarfundum 24. janúar 2013